

Berist til félagsmálastjóra sveitarfélags

Reykjavík, 9. apríl 2024
Tilvísun: 23080069

Efni: Tilkynning um frumkvæðisathugun á þjónustu í íbúðakjörnum og herbergjasambýlum fyrir fullorðið fatlað fólk.

Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála (GEV) sinnir eftirliti með gæðum þjónustu sem veitt er á grundvelli laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga um Gæða- eftirlitsstofnun velferðarmála nr. 88/2021 (lög um GEV). Stofnunin hefur að eigin frumkvæði eftirlit með gæðum þjónustu, sbr. 14. gr. laga um GEV.

Á undanförnum árum hefur GEV og forveri stofnunarinnar, Gæða- og eftirlitsstofnun félagsþjónustu og barnaverndar, framkvæmt athuganir á einstaka húsnæðisúrræðum fatlaðs fólks. Niðurstöður þeirra gefa tilefni til að kanna framkvæmd sveitarfélaga á ýmsum lagalegum skyldum í þjónustu við fatlað fólk sem býr í íbúðakjörnum og herbergjasambýlum. Af þeirri ástæðu hefur GEV nú stofnað til frumkvæðisathugunar á þjónustu við fullorðið fatlað fólk í íbúðakjörnum og á herbergjasambýlum, á grundvelli 14. gr. laga um GEV.

Markmið og framkvæmd athugunar

Markmið frumkvæðisathugunar GEV er tvíþætt. Annars vegar að taka út ákveðna þætti þjónustu í íbúðakjörnum og herbergjasambýlum fyrir fullorðið fatlað fólk í þeim tilgangi að auka gæði þjónustunnar og stuðla að því að hún sé traust og örugg og samræmist þeim lögum, sáttmálum, reglugerðum og gæðaviðmiðum sem sveitarfélögum ber að fylgja við framkvæmd þjónustunnar.

Hins vegar er markmiðið að efla innra eftirlit sveitarfélaga með því að sveitarfélögin framkvæmi sjálf gagnaöflun athugunarinnar á grundvelli gátlista og leiðbeininga GEV. Þannig geta sveitarfélögin greint hvaða úrbóta er þörf í þjónustu þeirra og unnið að úrbótum á grundvelli niðurstöðu sinnar. Útfylltum gátlistum og úrbótaáætlunum er svo skilað til GEV og mun stofnunin taka helstu niðurstöður sveitarfélaganna saman í skýrslu og fylgja úrbótaáætlunum sveitarfélaganna eftir.

Leiðbeiningar og nánari upplýsingar um framkvæmd athugunarinnar er að finna í fylgiskjali 1.

Gagnabeiðni

Með vísan til 1. mgr. 15. gr. og 1. mgr. 22. gr. laga um GEV óskar stofnunin eftir því að sveitarfélagið fylli út og skili til GEV eftirfarandi skjölum sem fylgja í viðhengi:

- Almennur spurningalisti um alla búsetupjónustu sveitarfélagsins sem ætluð er fötluðu fólki (íbúðakjarnar, sambýli, skammtímvistanir, heimili fyrir fötluð börn), sjá fylgiskjal 2.
- Einn gátlisti fyrir hvern íbúðakjarna og herbergjasambýli sveitarfélagsins sem ætluð eru fötluðu fólki sem náð hefur 18 ára aldri, sjá fylgiskjal 3. Á það einnig við um heimili sem rekin eru af einkaaðilum á grundvelli þjónustusamnings við sveitarfélagið.
- Úrbótaáætlun fyrir hvern íbúðakjarna og herbergjasambýli sem er í þörf fyrir úrbætur samkvæmt niðurstöðu gátlista, sjá fylgiskjal 4.

Að gagnaöflun lokinni getur GEV óskað eftir nánari upplýsingum eða gögnum frá sveitarfélögum, ef tilefni þykir til, eða lagt fram frekari úrbótatilmæli umfram þau sem fram koma í úrbótaáætlun sveitarfélags, sbr. 2. mgr. 16. gr laga um GEV. Sveitarfélögin fylgja úrbótaáætlunum sínum eftir þar til úrbætur teljast fullnægjandi.

Óskar GEV eftir því að eftirfarandi upplýsingar verði sendar stofnuninni á netfangið tomas.i.adolfsson@gev.is:

- Almennur spurningalisti um búsetupjónustu sveitarfélagsins berist **innan þriggja vikna, í síðasta lagi 30. apríl 2024.**
- Gátlistar og úrbótaáætlanir berist **eigi síðar en 1. október 2024.**

Vinsamlegast staðfestið móttöku erindisins.

Virðingarfyllst,

f.h. Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála,

Tómas Ingi Adolfsson, sérfræðingur